



Alþingi  
Erindi nr. P 138/563  
komudagur 9.12.2009

Allsherjarnefnd,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 8. desember 2009.

Meðfylgjandi er erindi frá slitastjórn Kaupþings banka hf. þar sem óskað er eftir því að lögum nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, verði breytt og rannsóknarnefnd Alþingis fái heimild til að veita skilanefndum og slitastjórnnum hinna föllnu fjármálafyrirtækja aðgang að upplýsingum og gögnum sem aflað hefur verið um viðkomandi fjármálafyrirtæki.

Erindið er framsent allsherjarnefnd til athugunar í tengslum við meðferð á frumvarpi forsætisnefndar um breytingu á lögum nr. 142/2008 (þskj. 330, 289. mál).

Út af þessu erindi er rétt að taka fram að rannsóknarnefndinni voru fengnar mjög víðtækar heimildir til að afla gagna og upplýsinga í þeim tilgangi að varpa ljósi á ástæður hrunsins og meta hvort einhverjum hafi orðið á mistök. Ef veita á sérstaka heimild til að nýta upplýsingarnar í öðrum og óskyldum tilgangi er hætt við að gengið verði gegn stjórnarskrárvörðum réttindum. Auk þess er fyrirsjáanlegt að það muni reynast erfitt að réttlæta sérstakan aðgang í þágu uppgjors á búum gömlu bankanna en ekki af öðrum ástæðum sem geta einnig verið aðkallandi. Því leggst forseti gegn því að orðið verði við þessari beiðni.

Afrit: Slitastjórn Kaupþings banka hf.

FORSETI ALÞINGIS

Forsætisnefnd Alþingis  
B/T Ástu R. Jóhannsdóttur, forseta Alþingis.  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25.11.2009

**Varðar: Ósk um aðgang að gögnum frá Rannsóknarnefnd Alþingis**

Þann 25. maí 2009 skipaði Héraðsdómur Reykjavíkur slitastjórn fyrir Kaupþing banka hf. (Kaupþing) að beiðni skilaneftndar bankans. Ákvæði laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991 er úta að störfum skiptastjóra þrotabús gilda um slitastjórn að því marki sem ekki er kveðið á um annað í lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Slitastjórn hefur m.a.s. heimild til að rifta ráðstöfunum bankans á grundvelli XX. kafla gjaldþrotaskiptalaga.

Á grundvelli fyrrnefnds XX. kafla laganna hefur slitastjórn ráðið PricewaterhouseCoopers til að framkvæma heildarrannsókn á starfsemi Kaupþings á grundvelli fyrrnefnds XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti. Við rannsóknina verður jafnframt litið til atriða er varðað geta mögulega skaðabótaskyldu fyrrverandi stjórnenda bankans og stærstu hluthafa hans.

Í mörgum tilvikum hefur reynst örðugt fyrir slitastjórn að afla gagna og þá sérstaklega gagna sem varða viðskipti Kaupþings í gegnum erlend útibú og dótturfélag. Þá telja slitastjórn og PricewaterhouseCoopers ljóst að hluti af þeim gögnum sem á eftir að afla (m.a. þau gögn sem slitastjórn hefur ekki tekist að fá aðgang að) og hluti af þeirri vinnu sem eftir á að vinna í tengslum við fyrrnefnda rannsókn hefur þegar farið fram hjá rannsóknarnefnd Alþingis í tengslum við rannsókn nefndarinnar. Rannsóknarnefndin hefur á grundvelli III. kafla laga nr. 142/2008 mjög víðtækar rannsóknarheimildir.

Í ljósi þess þrönga tímaramma sem slitastjórn er sett skv. lögum og þess lögbundna hlutverks hennar að rannsaka starfsemi og ráðstafanir bankans sem og að gæta hagsmuna kröfuhafa í hvívetna telur slitastjórn brýnt að ekki sé verið að vinna sömu vinnu á mörgum stöðum. Vegna þessa óskaði slitastjórn Kaupþings nýverið eftir því við rannsóknarnefnd Alþingis að nefndin veitti slitastjórninni upplýsingar er varða Kaupþing, sem slitastjórn hefur reynt að afla, en án árangurs.

Formaður rannsóknarnefndarinnar, Páll Hreinsson, svaraði bréfi slitastjórnar Kaupþings þann 18. nóvember síðastliðinn. Upplýsti Páll að engin ákvæði í lögum nr. 142/2008 heimiluðu rannsóknarnefndinni að afhenda slitastjórnnum upplýsingar sem nefndin hefði aflað á grundvelli III. kafla laga nr. 142/2008 og yrði því að telja að nefndinni væri það óheimilt að gildandi lögum. Þá var þess getið, að slitastjórnin myndi með sama hætti og aðrir, hafa aðgang að þeim upplýsingum sem birtar verða í skýrslu rannsóknarnefndarinnar til Alþingis eftir að hún verður kynnt opinberlega.


Slitastjórn Kaupþings banka hf.  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 444-8899  
www.kaupthing.com

Túlkun rannsóknarnefndarinnar er því sú að ekki sé heimilt fyrir nefndina að afhenda slitastjórnnum upplýsingar sem nefndin hefur aflað á grundvelli þeirra víðtæku heimilda sem nefndinni voru fengnar með fyrrnefndum lögum og gjafir þá einu þótt upplýsingarnar varði eingöngu viðkomandi fjármálafyrirtæki. Ljóst er að slitastjórn Kaupþings yrði að því mikill fengur að við rannsókn sína að henni yrðu veittur aðgangur að þeim upplýsingum um Kaupþing sem hún hefur nú þegar óskað eftir og öðrum upplýsingum um bankann sem slitastjórn kann að þarfnast í framtíðinni. Ástæða er til að ætla að hið sama eigi við um aðrar slitastjórnir sem skipaðar hafa verið. Alls ekki er sjálfgefið að slitastjórnin geti aflað þeirra sjálfstætt á grundvelli þeirra heimilda sem hún hefur í lögum. Ljóst er því að heimild til handa rannsóknarnefndinni til að afhenda upplýsingar yrði mjög til bóta og myndi gera slitastjórninni kleift að rækja sitt lögbundna hlutverk með betri hætti en nú er.

Í ljósi þessa óskar slitastjórn Kaupþings eftir því við forsætisnefnd Alþingis að forsætisnefndin beiti sér fyrir því að þegar í stað verði lagt fram frumvarp að lögum til breytingu á lögum nr. 142/2008 um Rannsóknarnefnd Alþingis og verði í frumvarpinu rannsóknarnefndinni heimilað að veita skilanefndum og slitastjórnnum þeim sem skipaðar hafa verið upplýsingar og gögn sem óskað er eftir og varða viðkomandi fjármálafyrirtæki.

Virðingarfyllt,

F.h. slitastjórnar Kaupþings banka hf.



Þróstur Ríkharðsson hdl.